

Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar · Mars 2004



Meðal efnis : Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir, viðtal við Anju Roy, barnaopna, ferðasaga frá Kólumbíu, internetið og margt fleira.



Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin,
108 Reykjavík,
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
<http://www.isadopt.is>

Skrifstofutími:

Mánudaga til fimmtudaga kl 10 -
13. Tímáttanir eftir þörfum.

Stjórn og nefndir starfsárið 2003-2004:

Lísa Yoder, formaður
Gerður Guðmundsdóttir,
varaformaður
Ingvar Kristjánsson, gjaldkeri
Ásta B. Þorbjörnsdóttir, ritari,
umsjón vefsíðu
Guðrún Ó. Sveinsdóttir,
meðstjórnandi
Helga Tulinius, meðstjórnandi
Ingibjörg Jónsdóttir, meðstjórnandi

Fræðslufulltrúar:

Ingibjörg Birgisdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir

Skemmtinefnd:

Guðrún Indriðadóttir
Ingibjörg Marisdóttir
Klara Geirsdóttir

Fjáröflunarnefnd:

Kolbrún Jóhannsdóttir
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir

Ritnefnd:

Alda Sigurðardóttir
Gíslína V. Ólafsdóttir
Jón Özur Snorrason
Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Lísa Yoder

Umbrot:

alvara.is

Prentun:

Svartlist á Hellsu

Öllum sem lagt hafa til efni
í blaðið eru færðar bestu
þakkir.

Tilkynningar

Útilegan 6. – 18. júlí 2004

Útilega ÍÆ verður að þessu sinni haldin við félagsheimilið Ásbyrgi á Laugarbakka í Miðfirði. Laugarbakki er vinalagt þorp á bökkum Miðfjarðarár, steinsnar frá Þjóðvegi 1. Á Laugarbakka búa á milli 90 og 100 manns. Þar er verslun með helstu nauðsynjar, gistihús, heitir pottar, gróðurhús og rekið Edduhótel á sumrin. Laugarbakki er um það bil mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Tjaldstæðin eru við félagsheimilið og í því höfum við uppvotta- aðstöðu og afdrep ef veðrið ætlar að stríða okkur. Eins eru þar sturtur og heitir pottar sem við munum hafa aðgang að. Gjald fyrir þessa aðstöðu er 1300 kr. per mann 7 ára og eldri yfir helgina.

Í kjallara hússins eru þrjú herbergi með tveimur rúmum hvert og leigjast þau á 1000 kr. herbergi/nótt. Mikilvægt er að panta þau tímanlega. Regína tekur við pöntunum í síma 451-2980 / 892-8487.

Einnig er hægt að fá gistingu hjá ferðapjónustunni Bakka sem er nánast á planinu hjá félagsheimilinu og þar eru fjögur herbergi til leigu.

Verð á svefnpokapláss: fullorðnir 1900 kr., börn 6 - 13 ára 900 kr. og frítt fyrir börn á leikskólaaldri. Uppábúin rúm: fullorðnir 2500 kr., börn 6 - 13 ára 1500 kr. og 500 fyrir börn á leikskólaaldri. Guðbjörg tekur á móti pöntunum í síma 451-2987.



Kjörfjölskyldan

Í apríl 2003 kom út bæklingur sem heitir Kjörfjölskyldan og félagið lét þýða úr norsku. Höfundarnir eru Amalia Carli og Monica Dalen en þær hafa rannsakað marga sem snýr að ættleiðingum og ritað fjölda greina og bóka um málefnið. Amalia Carli er nú látin en Monica Dalen var gestur á málþingi sem ÍÆ hélt vorið 2003 og sagt er frá aftur í blaðinu. Bókin kostar kr. 1000 og fæst á skrifstofu ÍÆ.

Aðalfundur ÍÆ 2004 verður haldinn fimmtudaginn 25. mars kl. 20.30 í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58.

Í blaðinu eru margar myndir af systkinum og má segja að blaðið sé tileinkað þeim.

Forsíðan

Á forsíðunni eru ljósmyndir sem teknar voru í útilegu ÍÆ að Svínafelli í Örfum sumarið 2004. Eins og sjá má skartaði veðrið og umhverfið sínu fegursta og allir nutu samverunnar.

Fréttir frá skrifstofu

Árið 2004 byrjar ágætlega, tvö börn eru komin heim frá Indlandi og eitt til viðbótar er væntanlegt nú í mars og sex stúlkur eru komnar heim frá Kína. Öll eru börnin yndisleg og ferðalögin gengu vel.

Ættleiðingar frá Kína hafa gengið frábærlega, þaðan komu 22 börn á síðasta ári. Nokkuð færri umsóknir fóru út á síðasta ári og því koma færri börn frá Kína á þessu ári. Mögulegt hefði verið að senda margar fleiri umsóknir ef þær hefðu verið tilbúnar. Margir undirbúa nú umsóknir til Kína og má jafnvel búast við að þangað verði sendar u.þ.b. 30 umsóknir á þessu ári.

Ættleiðingar frá Indlandi hafa gengið hægt en frá Kolkata komu heim 6 börn á síðasta ári. Vonumst við til að heldur fleiri börn komi á þessu ári. Ráðstefna á vegum CARA var haldin í Delhi í desember og fóru fulltrúar ÍÆ þangað.

Fyrstu börnin sem ættleidd voru í Kólumbíu á vegum félagsins eru tvíburar sem komu heim í september 2003. Mjög vel var að öllu staðið hjá lögfræðingi ÍÆ í Kólumbíu og eru þar nú tvær umsóknir og fleiri í vinnslu. Ströng aldursmörk hamla því að mörg íslensk hjón sendi þangað umsóknir því kólumbísk stjórnvöld vilja að foreldrar yngri en 35 ára ættleiði yngstu börnin.

Margir hafa leitað upplýsinga á skrifstofunni síðustu mánuði. Desember og janúar hafa alltaf verið erilsamir mánuðir en nú í upphafi ársins var umræða um ættleiðingar bæði í sjónvarpi í þættinum Fólki með Sirrý og í Morgunblaðinu sem hefur minnt margra á þennan möguleika til að eignast fjölskyldu. Fyrirspurnum hefur því fjölgað mikið.

Leit ÍÆ að nýjum samstarfsaðilum hefur ekki borið árangur ennþá en til stendur að vinna markvisst að því á árinu. Eru ýmis lönd í skoðun en of fljótt að segja meira um málið í bili.

Guðrún Ögmundsdóttir, þingkona, lagði fram í október, ásamt fleirum, þingsályktunartillögu um ferðastyrki til ættleiðenda. Eftir umræður á þingi var tillagan send til allsherjarnefndar og verður skoðuð þar. Hefur stjórn ÍÆ þegar sent inn umsögn um tillöguna og vonast eftir að þessu brýna sanngirnismáli verði vel tekið af þingmönnum og að frumvarp um styrkveitingar til ættleiðenda verði samið og samþykkt á Alþingi sem fyrst. Hefur stjórn ÍÆ bent á að þeir sem eignast börn „á hefðbundinn hátt“ fá mæðraskoðanir á meðgöngu, ýmsar rannsóknir, allan fæðingarkostnað og kostnað við ungbarnaeftirlit fyrsta árið greiddan af ríkinu. Þessi kostnaður er ekki til staðar við ættleiðingu og er ekki óeðlilegt að þeir fjármunir sem þannig

sparast við ættleiðingu komi kjörfjölskyldum til góða með öðru móti, þ.e. að komið verði á ættleiðingarstyrk eins og gert er í nágrannalöndunum.

Árlegt jólaball var að þessu sinni í byrjun janúar í Reykjavík en fyrir áramót á Akureyri. Það sem af er ársins 2004 hefur ÍÆ staðið fyrir spjallfundi, foreldramorgni, námskeiði, fyrirlestri Hugós Þórissonar um samskipti foreldra og barna og svo var árshátíð Kínafara sem er fyrirhugað að verði árlegur viðburður. Þá voru haldnir foreldradagar á Akureyri. Þmislegt fleira er á döfinni og bendum við ykkur á heimasíðuna www.isadopt.is en þar er dagskrá félagsstarfsins.

Þann 1. september sl. hóf Fanney Reynisdóttir vinnu á skrifstofu ÍÆ. Hún er í 50 % starfi.

Að lokum viljum við þakka fyrir allar jólakveðjurnar og fallegar myndir af gullmolunum ykkar og gott samstarf við ættleiðendur.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir



Katha Apena Guðný og Jóhannes Gunnar Þorsteinsbörn.



Signý Pála og Uni Dagur Pálsbörn.



Harpa og Hrund Birgisdætur.

„Börnin eru í blóðstreymi mínu“

Anju Roy tekin tali.

Við erum komin til borgarinnar að sækja litlu dóttur okkar sem við höfum beðið svo lengi eftir. Stóra stundin er loksins runnin upp. Skrifstofuaðstaðan á Matri Sneha er lítil og þéttsetin. Pappírsstaflar á borðum, skilrúm, stólar og borð með ritvélum á, en engin tölva sjáanleg. Fremst situr kona við borð og vélritar. Hún lítur upp og býður okkur velkomin með brosi sínu. Hún var líka hér síðast þegar við komum fyrir rúmum fjórum árum og við eigum mynd af henni með Nökkva í fanginu. Við smeygjum okkur áfram inn í lítið herbergi og þar eru líka skilrúm sem afmarka aðstöðu forstöðukonunnar, Anju Roy.

Okkur er boðið til sætis í litlum sófa. Staflar af hinu og þessu í öllum hornum, mest þó barnaföt í bland við teppi og leikföng. Við hinkrum litla stund og virðum fyrir okkur umhverfið, spennt og sveitt. Skyndilega birtist kona með barn í fanginu og við verðum dálðið ringluð, héldum að fyrst myndum við taka viðtalið sem Anju hafði samþykkt fyrir blaðið. Sú stutta, rúmlega árs gömul, deilir þessari undrastund með okkur, hikandi og hissa og síðan skilum við henni aftur með trega í öruggar hendur en fullviss um að við eigum eftir að hittast aftur og til frambúðar. Allt hefur sinn gang og við snúum okkur að Anju, konunni sem við eigum svo margt að pakka.

Hún er önnur kafin. Síminn hringir og það er kallað á hana. Erfitt að fá næði til viðtals, en við reynum að setja okkur í réttar stellingar. Bendum á staflana allt í kring og spyrjum með augunum. Það færast bros yfir varir hennar, hún yppir öxlum og segir að plássið sé bara svona lítið. Hlýlegt viðmót hennar gerir okkur þetta auðveldara og um leið erum við komin í gang.

Anju Roy er mörgum Íslendingum að góðu kunn en okkur langar til að vita meira um hana og stofnunina sem hún veitir forstöðu. Sjálf er hún fædd í Kolkata, en foreldrar hennar eru frá Jalpaiguri sem er lítið þorp í norð-austur

hluta Indlands nálægt héraðinu Darjeeling. „Þar eru mínar heima-slóðir. Þar ólst ég upp og gekk í skóla en var svo send til Kolkata til frekara náms. Ég hef numið við báða háskólana hér og lokið meistaraþrófi í bengölskum bókmenntum.“

Anju er ekkja en hún missti eiginmann sinn árið 1994. Hún á einn son, Tony sem er 26 ára gamall og nýfæddan sonarson. Hún segir að eðlilega skipti fjölskyldan hana miklu máli, ekkert síður en starfið. Mágkona hennar Chananda Bose var stofnandi félagsins en sjálf yfirtók hún starfsemina þegar Chananda lést árið 1996. „Frá árinu 1981 hef ég unnið hjá ISRC, Indian Society for Rehabilitation of Children, sem rekur og styður margskonar hjálparstarf hér í Kolkata. Ég vann lengi við hlið mágkonu minnar en eftir lát hennar hef ég gegnt starfi forstöðumanns. Núna ber ég alla ábyrgð, ásamt starfsfólki mínu og stjórn. Ég get sagt að ég taki víða til hendinni og mér er ekkert óviðkomandi í þessu starfi. Allir bera þessu félagi gott orð í Kolkata.“

Er þetta erilsamt starf?

„Já, hingað kemur fjöldi barna, í raun stöðugur straumur, þannig að lítill tími gefst fyrir annað. Ég er hér frá 10 á morgnana til 6 eða 7 í eftirmiðdaginn en í raun og veru er þetta sólarhringsstarf. Ég er vakinn og sofin í því. Þegar ég fer heim berast mér mörg símtöl þannig að ég vinn líka heima.“

En áttu þér einhverjar undan-komuleiðir?

„Ég reyni að ferðast og næ með því að hvíla mig frá starfseminni. Ég fer reglulega til heimabæjar míns, tek mér þriggja til fjögurra daga frí inn á milli. Þar búa systkini mín og börn þeirra. Ég á fjórar systur og tvo bræður. Þessi uppruni minn á í mér sterkar rætur og ekki síður umhverfið sem togar í mig. Margir fallegir staðir þar sem ég get hvílt mig og fengið frið, og þá er líka

gott að koma tilbaka. Þar hleð ég batterið, því starfið er bæði erfitt og það tekur á taugarnar. Svo stunda ég íhugun, en í hreinskilni sagt hef ég lítinn tíma aflögu. Allt mitt líf snýst í raun um þessa starfsemi félagsins. Börnin og velferð þeirra eru mér allt. Þau er í blóðstreymi mínu og í raun og veru fer allur minn tími í velferð barnanna.“

Aðspurð um sögu félagsins segir Anju að starfsemin sé á vissan hátt frumherjastarf. „Frá 1981 er ISRC skráð félag en áður hafði Chananda starfað með óformlegri hætti. Ég kem fyrst að þessu eftir að ég gifti mig en hef unnið að þessu síðan. Þá voru fáir að sinna ættleiðingum á Indlandi og ættleiðingum úr landinu voru enn færri að sinna, aðeins Móðir Teresa og nokkur önnur félög. Þannig að þegar félagið er sett á stofn er hér um nýlegt úrræði fyrir munaðarlaus börn að ræða og mjög spennandi.“

En hverjar hafa breytingarnar orðið á þessum árum?

„Í byrjun voru starfsmenn frekar fáir, ekkert fast heimili, ekkert athvarf. Í raun á engu öðru að byggja en hugsjón; þrír starfsmenn, einn læknir og fjórar til fimm barnfóstrur en vöxturinn hefur verið jafn og stígandi. Þá var aðeins um að ræða leyfi fyrir tíu börn en núna erum við með leyfi fyrir hundrað börn. Allt þurfti að skipuleggja frá grunni. Okkur vantaði húsnæði og þá fórum við að leita og við fluttum úr einum stað í annan. Frá árinu 1997 hefur starfsemin hins vegar vaxið mjög hratt. Fyrir rúmum fjórum árum síðan fluttum við á þennan stað þar sem við erum nú og með stuðningi Íslendinga, Bandaríkjamanna og Svía höfum við byggt upp og eignast þetta heimili sem er á tveimur stöðum í borginni. Ég held að aðeins með guðs blessun hefur þetta tekið þessa stefnu og náð þessari stærð.“

Anju leggur áherslu á að starfsemi ISRC felist ekki eingöngu



Anju með tengdadóttur sinni Yangzom Dutta Roy og sonarsyninum Aaryan Namgyal í Reykjavík í september 2003.

í ættleiðingum, heldur í víðtæku hjálparstarfi sem gangi mjög vel. „Við tökum þátt í mörgum verkefnum, rekum forskóla og grunnskóla, dagheimilifyrirproskahæfta, aðstoðum unglinga og fátækar konur með fjárframlögum í hverjum mánuði, svo nokkuð sé nefnt. Öll starfsemin gengur mjög vel. Það má líkja þessu við bát sem fylgir straumi, og það er yndislegt. Við erum upptekin við þetta og fyllumst gleði. Nú eru fastir starfsmenn á milli 50 og 60 en að starfseminni koma 100 til 110 manns. Félagið tengist spítölum, læknum, félagsráðgjöfum, barnfóstrum, skrifstofufólki og við höfum sambönd mjög víða. Ef börnin á Matri Sneha þurfa sérstaka meðhöndlun eru starfsmenn sendir hingað frá spítölum og ef það koma upp vandamál eru börnin strax send á góða spítala þar sem býr mikil reynsla. Við sendum ekki börnin hvert sem er. Við erum með lækna á okkar snærum svo þau fái rétta meðferð. Við gerum heilbrigðissamninga og allt er í föstum skorðum.“

En ákvarðanatökan í tengslum við hjálparstarfið. Á hverra

herðum er hún?

„Allir hafa sitt verksvið. Félagsráðgjafar, hópar starfsmanna, lækmar, barnfóstrur, einn sér um bókhald og svo framvegis. Við hittumst og lesum umsóknir, ákveðum hverjum og hvernig við hjálpum. Við veitum til dæmis mörgum fjölskyldum lækisþjónustu með því að borga fyrir erfiðar og dýrar krabbameinsmeðferðir og hjartaaðgerðir. Við sjáum líka um fæðugjafir en þó ekki í miklum mæli. Við tökum fagnandi við öllum fjárframlögum og félagið ykkar á Íslandi getur verið milligönguaðili um slíkt.“


Hvernig er fyrirkomulaginu hér á Matri Sneha háttað?

„Hér hefur auðvitað orðið mikil breyting eftir því sem árin hafa liðið. Plássunum hefur fjölgað og unnið er eftir ákveðnu skipulagi. Hér er sérstakt rými fyrir veik börn, annað fyrir fyrirbura. Við erum með pláss fyrir endurhæfingu og rými fyrir heilbrigð börn. Ef barn greinist með einhvern veikleika er það sett í rými fyrir veik börn. Við færum síðan börnin á milli.

Á þennan hátt skipuleggjum við starfið. Þegar börnin eru ferðbúin fara þau á ákveðinn stað, í ákveðið rými og það er hér í sama húsi og skrifstofan. Læknar koma til okkar daglega. Í byrjun eru börnin oft mjög veik og vannærð en smám saman dafna þau og komast úr lífshættu. Við gleðjumst öll mjög mikið þegar við sjáum árangur af starfi okkar. Allir leggja sig fram um það að ná árangri.“

En indversku mæðurnar. Hvers vegna leggja þær börnin í ykkar hendur?

„Ég get í raun lítið sagt um það. Ég veit það hins vegar að börnin koma með guðs blessun. Mæðurnar eru yfirleitt mjög fátækar og margar eru ógiftar. Sumar eiga mörg börn og geta ekki séð fyrir fleirum. Þá kemur fyrir að móðir hefur misst manninn sinn á meðgöngunni. Þá er hún í slæmri stöðu.“



Hér má sjá myndir frá Matri Sneha í september 2002 af Anju með starfsfólki barnaheimilisins og skrifstofunnar. Einnig má sjá myndir sem teknar voru þegar Anju og fjölskylda hennar heimsóttu Ísland í september 2003.



Samstarfsaðilar ISRC með Anju í Delhi í desember 2003.

En ferlið sjálf, frá því að móðirin gefur barnið og þangað til þið takið það í ykkar hendur? Hvernig gengur það fyrir sig?

„Við förum og hittum móðurina, oft á spítala eða fæðingarheimili. Við erum beðin um það. Við ræðum við hana og ef engin önnur lausn finnst á vandamálinu þá tökum við barnið að okkur. Við veitum henni ráðgjöf og reynum alltaf að styðja hana í ákvörðun sinni. Við horfumst í augu við móðurina, það er hluti af starfinu og við þurfum að fullvissa hana um að barnið sé komið í góðar hendur. Hún á möguleika í einn mánuð, jafnvel tvo til að taka barnið aftur en það er mjög sjaldgæft að það gerist. Þegar móðirin hefur tekið ákvörðun sína er gengið frá öllum formsatriðum skriflega. Allt verður að vera skriflegt og löglegt. Þannig gengur það fyrir sig.“

Hvað með starfskonurnar, fóstrurnar á barnaheimilinu? Hvernig er vinnutíma þeirra háttað?

„Allt starfsfólkið mitt er mjög gott og starfsemin byggir á góðri samvinnu. Fóstrurnar vinna á tvískiptum vöktum. Í tíu daga samfleytt vinna þær á dagvöktum frá klukkan átta til sjö að kvöldi og aðra tíu daga á næturvakt. Hjúkrunarkonurnar fá frí á sunnudögum. Konurnar sinna erindum sínum þá daga sem þær

eru á næturvöktunum en þær geta alltaf fengið frí þegar þær vilja og þurfa.“

Ert þú góður yfirmaður?

„Ég er ekki yfirmaður. Ég er bara lítil manneskja. Almættið er yfirmaðurinn, hin endanlega ákvörðun er hjá honum, eða henni. Við reynum bara að sinna okkar starfi á heiðarlegan hátt. Hann eða hún er yfir öllu. Ég vona að við getum haldið áfram að sinna hjálparstarfi, ásamt ættleiðingum þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. Hingað koma líka mjög veik börn og við þurfum að finna lausnir fyrir þau. Oft vill enginn ættleiða þau. Nú eru sex slík börn hjá okkur og eitt þeirra er reyndar búið að fá fjölskyldu í Bandaríkjunum.“

En hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?

„Nú eru liðin tuttugu og tvö ár síðan ég hóf að vinna hér. Mér finnst líf mitt blessað að fá að taka þátt í þessu starfi og ég mun sinna því af heiðarleika það sem eftir er. Það er stórkostlegt að fá að sjá börnin heilbrigð og fullorðin eins og mér hefur til dæmis tekist á Íslandi. Þá ríkir svo mikil gleði og ég gleðst mjög yfir því að hitta foreldrana. Þeir eru mjög þakklátir og mér finnst þeir vera að gera ennþá meira en ég. Foreldrarnir gefa barninu allt sitt besta, gefa

þeim líf sem er gjörólíkt því sem biði þeirra á barnaheimili. Hins vegar eru stjórnvöld mjög ströng gagnvart því að ættleiða börn úr landinu og pressa á okkur að láta þau til indverskra foreldra. Framtíð hjálparstarfsins byggir líka mjög á starfsfólki mínu og ég brýni fyrir því að hafa alltaf heiðarleika að leiðarljósi, fórnþýsi og einlægni, að þetta sé sólarhringsvinna og engin tímamörk. Ef einhver kallar á mig um nótt þá kem ég og allir eru alltaf velkomnir hingað.“

Að lokum Anju, nú eru rúmlega 100 börn og unglingar á Íslandi sem dvöldu hér fyrstu mánuði ævi sinnar. Viltu segja eitthvað við þau?

„Gleymið því ekki að við munum alltaf elska ykkur og við erum hér fyrir ykkur. Við erum þakklát guði að þið skylduð hitta foreldra ykkar sem þykir jafnvel enn meira vænt um ykkur.“

Alda Sigurðardóttir og Jón Özur Snorrason. [Viðtalið var tekið í september árið 2002.]

Á skrifstofu ÍÆ er vísir að bókasafni sem félagar hafa aðgang að, bækur, tímarit og fréttabréf frá öðrum ættleiðingarfélögum. Þar kennir margra grasa en því miður er nær allt efnið á erlendu máli. Félagið auglýsir eftir fólki til að þýða greinar og kafla.



Andri og Daníel Óskarssynir.

Nýir Íslendingar

Í þessu blaði eru myndir af þrjátíu börnum sem öll komu til Íslands á árinu 2003 og einni stúlku sem býr með íslenskum foreldrum sínum í Kína.



Þóra Nian Víðisdóttir

F. 3. 1. 2002 í Kína. Kom 24. 7. 2003
Víðir Bergmann Birgisson og Erna
Matthíasdóttir, Reykjavík.



Atli Baldur Atlason

F. 2. 5. 2002 í Kína. Kom 24. 7. 2003
Atli Geir Jóhannesson og Lára
Sigríður Baldursdóttir, Reykjavík.



Ásgerður Jing Laufeyjardóttir

F. 14. 2. 2002 í Kína.
Kom 24. 7. 2003
Laufey Jónsdóttir, Ísafirði.



Guðrún Ásta Pálsdóttir

F. 18. 5. 2002 í Kína. Kom 24. 7. 2003
Páll Brynjarsson og Elísabet M.
Jóhannsdóttir, Reykjavík.



Sara Elísabet Guðmundsdóttir

F. 21. 4. 2002 í Kína. Kom 24. 7. 2003
Guðmundur Benediktsson og Lína
Guðlaug Atladóttir, Reykjavík.



Guðlaug Li Smáradóttir

F. 4. 10. 2002 í Kína. Kom 1. 10. 2003
Smári Rúnar Hjálmtýsson og Ólöf
Másdóttir, Reykjavík.



Anna Zhu Ragnarsdóttir

F. 14. 1. 2003 í Kína. Kom 1. 10. 2003
Ragnar Hrafnsson og Snjólaug Elín
Sigurðardóttir, Seltjarnarnesi.



Emelía Ju Einarasdóttir

F. 9. 10. 2002 í Kína. Kom 1. 10. 2003
Einar Ingbór Númason og Fjola
Sigmundsdóttir, Ólafsfirði.



Rebekka Rán Kristjánsdóttir

F. 15. 1. 2003 í Kína. Kom 1. 10. 2003
Kristján Oddsson og Kolbrún S.
Kristjánsdóttir, Kópavogi.



Alda Áslaug Unnardóttir

F. 15. 10. 2002 í Kína.
Kom 1. 10. 2003
Unnur Þóra Jökulsdóttir, Reykjavík.



Jóhanna Lilja Helgadóttir

F. 18. 10. 2002 í Kína.
Kom 1. 10. 2003
Helgi Jóhannesson og Anna María
Sigurðardóttir, Reykjavík.



Hjördís Dong Ingólfssdóttir

F. 28. 10. 2002 í Kína.
Kom 1. 10. 2003
Ingólfur Jónsson og Berglind Dagný
Steinadóttir, Húsavík.



Margrét Edda Lian Bjarnadóttir

F. 22. 12. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Bjarni Brynjólfsson og Ingibjörg Anna
Arnarsdóttir, Reykjavík.



Hrafnhildur Ming Þórunnardóttir

F. 28. 8. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Reykjavík.



Dagný Birta Dan Ólafsdóttir

F. 30. 8. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Ólafur Kolbeinsson og Arnprúður
Karlsdóttir, Kópavogi.



Ellý Rún Hong Guðjohnsen

F. 27. 10. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Friðjón Guðjohnsen og Gíslína V.
Ólafsdóttir, Kópavogi.



Dagbjört Li
Bryngjersdóttir

F. 29. 8. 2002. Kom 12. 11. 2003
Bryngjær Stefánsson og Inga Lára
Ásgeirsdóttir, Vopnafirði.



Hrafnhildur Erna
Hávarðardóttir

F. 8. 8. 2002 í Kína. Kom 12. 11. 2003
Hávarður Finnbogason og Katrín Olga
Jóhannesdóttir, Reykjavík.



Ásdís Arna Fen
Bergsveinsdóttir

F. 6. 1. 2003 í Kína. Kom 12. 11. 2003
Bergsveinn Elidón Kristinsson og
Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir,
Akureyri.



Auður Lára Mei Sigurðardóttir

F. 11. 1. 2003 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Sigurður S. Antonsson og Helga
Valtýsdóttir, Hafnarfirði.



Inga Sigurrós Þórisdóttir

F. 10. 8. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Þórir Aðalsteinsson og Jóhanna Eydís
Þórarinsdóttir, Neskaupstað.



Lilja Ósk Atladóttir

F. 27. 11. 2002 í Kína.
Kom 12. 11. 2003
Atli Árdal Ólafsson og Sesselja Jóna
Ólafsdóttir, Selfossi.



Liv Bárðardóttir

F. 19. 4. 2002 í Kína.
Kom 11. 6. 2003
Bárður Guðfinnsson og Lára Liv
Ólafsdóttir, Kína.



Jón Einar Guðmundsson

F. 6. 10. 2002 í Kólumbíu. Komu 6. 9. 2003
Guðmundur Guðmundsson og Anna Margrét Jónsdóttir, Reykjavík.



Margrét Rós Guðmundsdóttir



**Þórhildur Nilam
Kristjánsdóttir**

F. 15. 1. 2002 á Indlandi.
Kom 15. 2. 2003
Kristján Sæmundsson og Gunnhildur L.
Þorvarðardóttir, Vestmannaeyjum.



**Vigdís Ayesha
Elísabetardóttir**

F. 28. 10. 2001 á Indlandi.
Kom 10. 2. 2003
Elísabet Jónasdóttir, Reykjavík.



Andrea Lapas

F. 6. 7. 2002 á Indlandi. Kom 6. 6. 2003
Jóhann Kristos Lapas og Jóna Björk
Helgadóttir, Reykjavík.



Unnur Hrefna Elínardóttir

F. 7. 7. 2002 á Indlandi.
Kom 6. 6. 2003
Elín Arnardóttir, Siglufirði.



Henný Birgitta Kristjánsdóttir

F. 27. 4. 2002 á Indlandi.
Kom 10. 5. 2003
Kristján Ragnar Arnarson og Gyða
Everts dóttir, Húsavík.



**Katha Aþena Guðný
Þorsteinsdóttir**


F. 23. 5. 2002 á Indlandi.
Kom 10. 5. 2003
Þorsteinn Baldur Helgason og Ásta
Sveinsdóttir, Fosshóli í Miðfirði.



**Björgvin Gústav og Ægir Ranjan
Hreinssynir.**



Grétar og Steinunn Anna Másbörn.



**Einar Tudorel-Nicu og Anna Zhu
Ragnarsbörn.**

Barnaoppan



Ragna Ólöf Guðmundsdóttir, 14 ára.



Eyjólfur Jónsson, 6 ára.

**Skemmtinefndin hefur
aldeilis staðið sig vel og
í sumarútilegunni 2003
var farið í fjölbreyttan
ratleik. Þar urðu þessar
fínu vísur til:**

Visku perlan
blá og fögur
vísar okkur leið.
Það er ekki slæmt að hafa
hana
í neyð.

Sólin skín útum allt.
Himinninn er blár.
Fuglar fljúga.
Grasið er grænt.
Þotan er uppi í loftinu.
OOOOOO!

Perla fór út að ganga
og hitti vin sinn
þau fóru að leika
og fóru svo heim.

Ljóð um ljóð.
Hér er ljóð um ljóð
frá ljóði til ljóðs.



Uni Dagur Anand Pálsson, 2 ára.




Kolfinna Ósk Helgadóttir, næstum 5
ára.



Hrund Birgisdóttir, 3 ára.



Sigurður Benóný Sigurðarson, 7 ára.



Ágústa Mithila Guðmundsdóttir, 4 ára.



Harpa Birgisdóttir, 4 ára.

Sagan um fuglinn sem átti enga vini

Einu sinni var fugl sem hét Elísa músarindill.

Elísa átti enga vini og það vildi enginn leika við hana og var hún afskaplega einmana og grét stundum úr leiðindum.

Einn daginn er hún var búin að láta sér leiðast kom fugl fljúgandi og settist við hlið hennar. Elísa spurði hvað hann hét. Hún sagðist heita Þruma og væri skógarpröstur.

Elísa spurði Þrumu hvort hún vildi ekki leika við sig. Jú sagði Þruma það vil ég.

Þær stóllur fóru að tína orma saman og allskonar pöddur og svo flugu þær á milli trjátoppanna. Einnig fóru þær í kappflug á milli greinanna. Hljæjandi léku þær sér saman allan daginn. Þær sögðu hvor annarri skrítlur og sögur enda var mikið hlegið. Þannig eignaðist Elísa sinn besta vin, Þrumu skógarpröst.

Einhverja sumarnótt
var litla flugan sótt.
Hver var að segja ljótt?
Pabbi þú verður að koma fljótt.
Þetta er orðið alltof mjótt.

Lilja Kolbrún Þorvarðardóttir
9 ára

Myndirnar á síðunni voru sumar til sýnis á málþingi félagsins í apríl 2003. Aðrar voru sendar inn til blaðsins.
Takk krakkar!

Getur þú fundið nammikallinn? Það er mynd af honum í blaðinu!

Ævintýri í Kólumbíu

Guðmundur Guðmundsson og Anna Margrét Jónsdóttir segja frá ferð sinni til Kólumbíu að sækja tvíburana Jón Einar og Margréti Rós.



Margrét Rós og Jón Einar í garðinum við íbúðina okkar í Bogotá.

Við hjónin fórum síðasta sumar til Kólumbíu að ná í tvíburana okkar. Aðdragandinn að för sem þessari er langur og erfiður, en hvílikt ævintýri sem ferðin var og allt líf okkar síðan.

Ástæðan fyrir því að við völdum Kólumbíu sem okkar fyrirheitna land eru nokkrar en tvær þó helstar. Annars vegar var það niðurstaða okkar m.a. eftir mikla yfirlegu á erlendum vefsíðum, að ferlið í Kólumbíu virtist vera þróaðast og traustast (hefur yfir 40 ára langa ættleiðingasögu) af þeim löndum sem raunverulega komu til greina fyrir okkur. Hins vegar hittum við, meðal annarra, hjón sem sjálf höfðu ættleitt frá Kólumbíu árið 2000 og saga þeirra, en þó aðallega börnin þeirra, gerðu endanlega út um val okkar á landi.

Haustið 2001 sendum við frá okkur umsókn til ICBF, sem er eins konar Félagsþjónusta þeirra Kólumbíumanna, fyrir milli-

göngu lögfræðings ÍÆ í landinu. Fengum í kjölfarið staðfestingu á að umsóknin okkar væri komin í ferli og sagði lögfræðingurinn að vænta mætti 18 til 24 mánaða biðar áður en börnum væri úthlutað. Það stóðst fullkomlega og 20 mánuðum síðar fengum við upplýsingar um tvíburana okkar, níu mánaða gamla gullmola.

Umsóknarferlið

Kerfið í Kólumbíu virkar þannig að umsóknin fer fyrst í stóra biðröð í aðalstöðvum ICBF í Bogotá. Þar eru nokkrar biðraðir eftir eðli umsókna. Við báðum t.d. um systkini yngri en 3ja ára og fór umsóknin okkar í flokk með öðrum slíkum. Á umsókninni er hægt að setja hvers konar skilyrði um það barn sem óskað er eftir, svo sem varðandi kyn, aldur og sérstakar þarfir og fer þá umsóknin í mismunandi bunka eftir því hverju er óskað eftir. Þetta er með þeim

fyrirvara að hjón, 36 ára og eldri, geta ekki óskað eftir yngra barni en 36 mánaða. Séu hjón á mismunandi aldri er fyrst og fremst litið til aldurs móður.

Þegar umsóknin er orðin efst í bunkanum í höfuðstöðvunum er hún send út í hérað og er reynt að velja það hérað sem á hverjum tíma er líklegast til að geta mætt óskunum í umsókninni. Umsækjendum er greint frá þegar umsóknin fer út í hérað. Í héraðinu er síðan farið yfir gögn um þau börn sem eru í umsjá yfirvalda og athugað hvort þar leynist barn eða börn sem passa. Hafi það ekki tekist innan þriggja mánaða er umsóknin send til baka til höfuðstöðvanna sem þá senda hana í annað hérað, en það virðist heyra til undantekninga.

Eftir að búið er að finna barn eru tilvonandi foreldrar látnir vita af því og þau fá allar upplýsingar um það. Í okkar tilfelli fengum við grunnupplýsingar um nöfn,

fæðingardag og myndir, lækna-skýrslur og mat sálfræðings og félagsfræðings á börnunum, auk yfirlýsingar um af hverju börnin voru gefin til ættleiðingar. Öll skjölin komu til okkar á tölvu-pósti, skönnuð inn. Á grundvelli þessara upplýsinga þarf að taka ákvörðun um hvort foreldrarnir samþykkja eða hafna barninu/ börnunum. Ákveði foreldrar að hafna því/þeim þarf að fylgja með því skýring eða rökstuðningur innan tveggja mánaða.

Eins og áður kom fram, þá var meginástæða þess að við völdum að fara til Kólumbíu sú, að allar upplýsingar sem við höfðum voru samhljóða um að hægt væri að treysta með öllu ferlinu hjá yfirvöldum og þeim upplýsingum sem þau senda frá sér. Okkur var því auðvelt að treysta þessum gögnum sem við fengum send um tvíburana okkar. Þurftum reyndar ekki að hugsa okkur lengi um, svo falleg voru þau á myndunum sem fylgdu.

Eftir að ákvörðun foreldra liggur fyrir, er ekki eftir neinu að biða, bara að drífa sig út og ná í börnin. Við undirbjuggum því för okkar til Tunja borgar í Kólumbíu, fæðingabæjar barna okkar.

Ferðin til Kólumbíu

Við fengum upplýsingarnar á laugardegi og á miðvikudegi tæpum tveimur vikum síðar flugum við af stað. Lokaundirbúningurinn fólst fyrst og fremst í að fá skjöl frá íslenskum yfirvöldum gefin út á nöfn barnanna og senda vegabréfin okkar til sendiráðs Kólumbíu í Svíþjóð til að fá vegabréfsáritun inn í landið. Íslendingar þurfa ekki ferðamannaáritun til Kólumbíu, en við þurftum að fá sérstaka áritun þar sem við vorum að ættleiða. Starfsfólk sendiráðsins í Svíþjóð stóð sig frábærlega og lauk alltaf allri sinni vinnu samdægurs, utan þess að vera mjög þægilegt í viðmóti og vilja allt fyrir okkur gera.

Við ákváðum að fljúga í gegnum London fremur en Bandaríkin. Ferðalagið tekur svipaðan tíma hvora leiðina sem farið er, en tímasetningar, einkum á heimleiðinni eru þægilegri í gegnum



Skrifstofa ICBF.

London.

Við áttum svo tíma með yfirvöldum á mánudeginum eftir að við komum, klukkan, 10 um morguninn og notuðum við helgina á undan til að skoða okkur um í Bogotá og Boyaca sem er héraðið sem Tunja er í. Tunja er um 140 km norður af Bogotá og að ráði lögfræðings ÍÆ, sem heitir Olga, gistum við í Bogotá en keyrðum upp til Tunja þá daga sem við þurftum að vera þar. Á tilsettum tíma mættum við á aðalskrifstofu ICBF í Tunja og eftir smá pappírsvinnu þar fórum við á hverfisskrifstofu í borginni þar sem við hittum börnin okkar.

Það er til lítils að reyna að lýsa því sem engin orð ná yfir, en skemmst er frá því að segja að börnin voru meira að segja enn fállegri en myndirnar af þeim gáfu til kynna, hraustleg, í fállegum fötum og meira að segja með heitan pela með sér, enda áttu þau að leggja sig um það leyti sem við fengum þau í hendurnar.

Dvölin úti

Þau börn sem ICBF hefur umsjón með eru í vörslu hjá fósturforeldrum sem ICBF ræður til starfa fyrir sig. Ekki vitum við hvort við vorum eitthvað sérstaklega heppin með fósturforeldra en hvílikt þakklæti sem er í huga okkar til þess fólks. Ekki einungis voru börnin bæði vel alin og vel uppalin, heldur fengum við líka með þeim dagbók um hvort þeirra allt frá því þau voru átta daga gömul til þess dags að við

fengum þau. Þar komu fram allir helstu þættir í lífi þeirra, hvað þeim líkaði að borða, hvernig þau svæfu, gælunöfnin þeirra og svo ýmis persónueinkenni eins og að henni fyndist tónlist skemmtileg og honum þætti gaman í baði og þannig mætti lengi telja.

Allt þetta gerði okkur lífið svo miklu einfaldara því við fengum strax að vita allt um daglegar venjur þeirra, bæði það sem þau áttu sameiginlegt og það sem greindi þau sundur. Einnig sáum við strax hversu vel hafði verið hugsað um þau og eftir að hafa fengið útskýringu hvernig ICBF vinna að þessum málum höfum við ekki ástæðu til að ætla að umönnum okkar barna hafi verið svo frábrugðin því sem almennt má telja.

Eftir að við komum til baka til Bogotá var pantaður tími hjá barnalækni, en Olga hefur það fyrir venju að láta alla nýorðna foreldra á hennar vegum heimsækja lækni um leið og þau eru komin með börnin í hendurnar. Læknirinn var með stofu á einkareknum barnaspítala sem var mjög glæsilegur og stenst samanburð við spítala hvernar stórborgar í heiminum. Okkur fannst þetta mjög þægilegt, ekki síst að komast í tengingu við lækni sem var tilbúinn að aðstoða okkur allan sólarhringinn ef eitthvað kæmi upp á. Sem betur fer reyndi aldrei á það.

Kólumbía kom töluvert á óvart. Fyrst og fremst er landið mun þróaðara en við áttum ímynduðum okkur og minnti mjög á suður-Evrópu. Fólkíð er mjög kurteist

og viðkunnalegt, landið sjálft með afbrigðum fallegt enda mjög fjöllótt, veðurfar gott og öll þjónusta til staðar og á sumum sviðum betri en maður á að venjast hérna heima. Verðlag í landinu er mun lægra en á Íslandi. Að jafnaði má segja að það hafi verið mjög góð nálgun að margfalda verð með fjórum til að fá út verð á Íslandi á sama hlut.

Það fór afskaplega vel um okkur í Bogotá. Við leigðum íbúð þar á meðan á dvöl okkar stóð. Fórum einnig í fjórar nætur til eyju í Karabíska hafinu sem heitir San Andrés og er sannkölluð paradís. Frábært veður, pálmatré og strendur. Var mjög ódýrt að hoppa þangað frá Bogotá og afskaplega einfalt.

Við vorum réttar fjórar vikur í landinu. Alveg er klárt að peningalega kom það mjög vel út því svo miklu ódýrara er að vera þar en hérna heima, jafnvel þótt maður þurfi að borga leigu á meðan. Dvölin réðst af því hversu langan tíma pappírsvinnan tók eftir að við vorum búin að fá börnin. Í okkar tilfalli tók það réttar þrjár vikur, þ.e. því lauk á mánudeginum, þremur vikum eftir að við fengum börnin í hendurnar. Við tókum því nokkra daga bæði á undan og eftir í landinu sem ekki voru beinlínis nauðsynlegir, en ekki sjáum við eftir þeim.

Tíminn úti með börnunum var ómetanlegur. Fengum þar gott næði í talsverðan tíma til að vera öll saman ein, án gestagangs eða annars áreitis. Á þessum tíma náðum við að mynda þann grunn að tengslum við börnin sem allt okkar samband síðan þá hefur byggst á og gríðarlegur gestagangur fyrstu vikunnar hefur ekki náð að rugla. Við erum því eindregið þeirrar skoðunar að þótt það kunni fyrirfram að virðast óheppilegt að vera svo lengi í landinu, þá er þeim tíma sérlega vel varið til að byggja upp þessi tengsl án truflana.

Komið heim

Réttum mánuði eftir að við höldum í ævintýrareisuna okkar komum við aftur heim í faðm fjölskyldu og vína, svo miklu ríkari en þegar við fórum af stað. Allt



Í Bogotá.

hefur gengið frábærlega með börnin og hafa þau á met tíma stimplað sig inn í fjölskylduna og brætt alla sem þeim kynnast.

Nú síðast fórum við með börnin í ungbarnaeftirlitið hérna heima og kom þá í ljós að kerfið í Kólumbíu er byggt upp með sambærilegum hætti og hérna heima og þurfti því ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir vegna barnanna.

Reynsla okkar af Kólumbíu er með eindæmum jákvæð. Allir sem komu að ferlinu, sérstaklega Olga lögfræðingur ÍÆ og fulltrúar yfirvalda, voru einstaklega fagmannlegir í sínum störfum og allt sem okkur var sagt fyrirfram stóð eins og stafur á bók. Við getum sannarlega verið ánægð með að hafa Olgu í okkar þjónustu, en hún hefur margra ára reynslu af ættleiðingum til Evrópu, auk þess að hafa verið kennari við virtustu lagadeild Kólumbíu og gestafyrirlesari víða um heim.

Svo kom landið sjálft og þjóðin okkur skemmtilega á óvart. Þær ömurlegu fréttir sem eru þær einu

sem rata hingað upp á strendur Íslands gefa svo ranga mynd af landinu að það er grátlegt. Þetta er fallegt land byggt af lífsglaðri þjóð sem byggir á langri og merkilegri sögu, jafnframt því að taka fullan þátt í nútímanum.

Fyrir þá sem vilja lesa meira, þá er ferðasagan öll inni á www.hotjo.net/anna ásamt myndum og öðru efni.

Málfling á 25 ára afmæli Íslenskrar ættleiðingar

Bjart var, og veður fagurt, fyrsta laugardaginn í apríl 2003, þegar gestir streymdu að Hallgrímskirkju í hátíðarskapi til þess að taka þátt í málþingi um ættleiðingar á 25 ára afmæli félagsins. Áhuginn var sýnilega mikill og safnaðarsalur kirkjunnar þétt-skipaður.

Þáverandi dómsmálaráðherra, frú Sólveig Pétursdóttir, setti málþingið og gerði grein fyrir þeim málum sem komið hafa til kasta ráðuneytisins um ættleiðingar, bæði nýju ættleiðingalögunum, sem m.a. heimila einhleypum að ættleiða, og vinnu við að koma á tengslum við Kína. Margrét Hauksdóttir lögfræðingur og formaður ættleiðingarnefndar sagði frá starfi og hlutverki nefndarinnar og gerði meðal annars grein fyrir þeim kröfum sem væntanlegir kjörforeldrar þurfa að uppfylla.

Baldur Kristjánsson, dósent við KHÍ, fjallaði um kenningar sálfræðinnar um geðtengsl og mikilvægi þeirra í mótun persónuleikans á fyrstu árunum, en athyglin hefur í æ ríkari mæli beinst að þessum viðkvæma þætti meðal þeirra sem fást við ættleiðingar.

Barnalæknirinn Gestur Pálsson er foreldrum ættleiddra barna að góðu kunnur því hann hefur frá upphafi tekið á móti börnunum við komuna til Íslands og hlúð að heilsu þeirra með alúð og yfirgripsmikilli þekkingu sinni. Hann hefur haldið vel utan um heilsufarsupplýsingar barnanna og þar liggja mikil þekkingarverðmæti sem hann kynnti fundarmönnum. Félagar Íslenskrar ættleiðingar eiga Gestu mikla þökk að gjalda.

Norskur gestur á málþinginu var Monica Dalen frá sérkennsludeild Háskólans í Osló. Monica sagði frá margvíslegum niðurstöðum rannsókna sinna og voru þær sérlega athyglisverðar. Í máli hennar kom fram að ættleiddum börnum gengur mörgum vel í skóla, samband þeirra við foreldrana er gott og sjálfsmyndin sterk. En rannsóknirnar sýndu einnig að hin erfiða lífsreynsla í frumbersku skilur oft eftir sig ör sem gróa stundum seint og illa. Starf Monicu er aðdáunarvert og þægilegt fyrir okkur hér í fámenninu að geta stuðst við niðurstöður hennar og yfirfært þær á íslenskar aðstæður eftir því sem við á.

Ingibjörg Birgisdóttir fyrrverandi formaður félagsins sagði frá reynslu sinni af störfum við

félagasamtök um ættleiðingar. Ingibjörg hefur mikla yfirsýn og varpaði fram spurningum um eðli, hlutverk og skyldur Íslenskrar ættleiðingar og deildi með okkur framtíðarsýn sinni.

Hrafnhildur Arnkelsdóttir fjallaði um ættleiðingar frá sjónarhóli foreldra. Hrafnhildur sagði sögu foreldris sem hefur þurft að taka á ýmsum spurningum sem upp hafa komið í uppeldi tveggja stúlka frá Indlandi og miðlaði persónulegri sýn á lifandi hátt.

Málþinginu lauk með því að Gerður Guðmundsdóttir, varaformaður Íslenskrar ættleiðingar, sagði frá bók með fræðsluefni sem félagið hefur sent frá sér, en bókin er einmitt þýðing á bók Monicu Dalen. Útgáfan er tímamótaverk og svarar mikilli þörf á aðgengilegu fræðsluefni fyrir aðstandendur og aðra aðila sem sinna þessum börnum.

Almenn samstaða var um að best væri að fylgja málþinginu eftir með því að setja upp markvissara eftirlitskerfi með heilbrigði og þroska ættleiddra barna frá útlöndum. Vegna þess hve sérstakar aðstæður þessara barna eru í frumbersku er ástæða til að ætla að þeim sé hættara á fleiri, og öðrum sviðum en þeim börnum sem fæðast og alast upp hjá foreldrum sínum hér á landi. Því er mikilvægt að sérþjálfað fólk fylgi þeim eftir fyrstu árin, bæði til að líta eftir líkamlegu ástandi, í framhaldi af frumskoðun Gests, almennum hreyfiproska (sem ætla má að hafi ekki farið jafn vel af stað hjá börnum sem alast upp á vöggustofu og hjá börnum í umsjón foreldra) og andlegri líðan. Ljóst var af tölum Monicu Dalen að þrátt fyrir almennt gott gengi ættleiddra barna er ákveðnum hópi þeirra engu að síður mjög hætt. Miðað við rannsóknir hennar ætti að vera hægt að finna þessi börn fljótt og gera það sem hægt er til að hjálpa þeim, áður en vandamálin verða of yfirþyrmandi.

Málþingið tókst vel og gestir þess sýndu með áhuga sínum að samræðan er okkur mikilvæg.

Guðrún Hólmgeirsdóttir tók saman



Þórhildur Nilam og Freydis Malín Kristjánsdætur.



Halldór Ingi og Guðbjörg Pálína Sigurðarbörn

Tengslin við Indland efla

Heimsókn frá Indlandi

Á síðasta ári fékk Íslensk ættleiðing góða gesti frá Indlandi þegar hingað kom Anju Roy sem hefur starfað við barnaheimili okkar í Kolkata frá upphafi og nú síðustu ár verið forstöðukona þess. Með Anju komu Tony sonur hennar, tengdadóttir og lítill sonarsonur. Þau dvöldu hér í fjóra daga, skoðuðu sig um í Reykjavík og nágrenni, fóru í Bláa lónið, funduðu með stjórn ÍÆ og það sem þeim þótti skemmtilegast og merkilegast, þau hittu stóran hluta barnanna sem ættleidd hafa verið frá Kolkata á fjölskyldufundi sem haldinn var 28. september.

Þar voru um 160 manns, börn frá Kolkata og foreldrar þeirra og var sérstaklega skemmtilegt að hitta öll þessi kátu, fallegu börn sem sum hver klæddust indverskum fatnaði. Anju og Tony sem þekktu næstum hvert barn með nafni voru ákaflega ánægð með þátttöku allra fjölskyldnanna. Á fundinum afhenti Lís Yoder, formaður ÍÆ, Anju þrjú þúsund dollara styrk til velferðastarfs í Indlandi, peninga sem safnað hefur verið af fjáröflunarnefnd ÍÆ.

Á fundi stjórnar og Anju var samstarfið rætt og einnig rætt um húsnæðismál barnaheimilanna sem eru að hluta í leiguhúsnæði en einnig í óhentugu húsnæði sem stofnunin á. Nú er brýnt að keypt verði húsnæði sem rúmar alla starfsemina, bæði barnaheimilin og skrifstofu, enda tafsamt fyrir starfsfólk að aka á milli tveggja barnaheimila og skrifstofu oft á dag og annað barnaheimilið illa staðsett.

Ráðstefna í Delhi

Í desember var haldin í Delhi ráðstefna á vegum CARA, sem er miðstjórnvald ættleiðinga á Indlandi og voru öll ættleiðingarfélög sem annast ættleiðingar í Indlandi hvött til þátttöku. Formaður ÍÆ, Lís Yoder og Guðrún Ó. Sveinsdóttir hittu Anju á ráðstefnunni ásamt Mr. Halder sem er lögfræðingur stofnunar Anju í Kolkata og hefur annast flest allar ættleiðingar til Íslands frá upphafi. Hann er skemmtilegur maður og fróður um ættleiðingarmál og hefur aðstoð hans verið ómetanleg. Einnig voru þarna fulltrúar sænska félagsins FFIA og amerísku ættleiðingarstofunnar Dillon en þessir tveir aðilar eru í samstarfi við ISRC, stofnun Anju, eins og ÍÆ. Rætt var um húsnæðis kaup og annað varðandi starfið í Kolkata.

Um ráðstefnuna má segja að hún olli nokkrum



Lís Yoder formaður ÍÆ og Mr. Halder lögfræðingur ISRC við veisluborð á Hotel Imperial í Delhi.

vonbrigðum. Upphaflega var talið að þar yrðu kynntar nýjar starfsreglur um ættleiðingar frá Indlandi en í ljós kom að reglurnar voru ekki tilbúnar. En starfsfólk CARA skýrði afstöðu indverskra stjórnvalda og sagði frá ýmsu því sem sennilega yrði ákveðið og var jafnframt mjög tilbúið til að hlusta á raddir erlendra ættleiðingarstofnana og læra af reynslu þeirra. Ljóst er að indversk stjórnvöld leggja á það mikla áherslu að fjölga ættleiðingum innanlands en vilja enn fækka ættleiðingum úr landi. Fyrir nokkrum árum ættleiddu erlendar fjölskyldur tæplega 1300 börn á ári í Indlandi en á síðasta ári voru einungis á áttunda hundrað ættleiðingar til útlendinga. Í þessu fjölmenna ríki eru mjög mörg munaðarlaus börn en pólitískur vilji er ekki fyrir að þau eignist fjölskyldur erlendis. Því eru nýjar reglur allar á þann veg að færri umsækjendur uppfylla skilyrði indverskra stjórnvalda, bæði hvað varðar aldur, fjölskyldustærð og fleiri skilyrði sem sett verða. Það telst sérstakt að farið er að vinna eftir sumum af þessum reglum þótt formlega hafi þær ekki verið kynntar.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir



Hilmar Atli, Lilja Kolbrún og Thelma Rut Þorvarðarborn.



Völundur, Nokkvi Alexander Rounak og Vala Guðlaug Dolan Jónsbörn.



Lára Debaruna og Karitas Sumati Árnadætur.

Jólamyndir 2003 frá Reykjavík



Lífið er ekki þrautalaust



Paratabs

PRAUTREYNT VERKJALYF

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpinu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthitta af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtn:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtn fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 08.01.99



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Hafa allir efni á að ættleiða?

Er kostnaðurinn við ættleiðingar svo hár að fólk veigri sér við að velja þá leið til þess að eignast barn? Það kann að hljóma illa að spyrja spurningarinnar beint en henni þarf samt að svara. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé að verða og við því verða stjórnvöld að bregðast af ábyrgð og helst með svipuðum hætti og í nágrannalöndum okkar. Um þessar mundir er áætlað að kostnaður hjóna vegna ættleiðingar sé um 1,2 milljónir króna. Fyrir okkur einhleypingana er kostnaðurinn líklega rúmlega 900 þúsund krónur. Stærstan hluta þessarar upphæðar þarf að greiða í einu lagi stuttu áður en barnið er sótt.

Þrátt fyrir þetta horfa fæstir, ef nokkrir, á kostnaðinn þegar ákvörðun um að ættleiða barn frá útlöndum er tekin. Enda er hún miklu stærri en svo að hægt sé að láta krónur og aura þvælast fyrir sér. En samt sem áður getur ættleiðing barns, hvað þá fleiri en eins, verið baggi á rekstri heimilisins mörgum misserum eftir að barnið er komið heim.

Eins og allir vita tekur ríkið þátt í kostnaði við glasafrjóvganir eftir settum reglum. Kostnaður við meðgöngu, fæðingu og ungbarnaeftirlit er greiddur úr ríkissjóði. Ég hygg að Íslendingum þyki það meira en sjálfsagt. En hvers vegna mega foreldrar ættleiddra barna þá sitja uppi með reikninga sem í raun réttir eru hluti af kostnaði samfélagsins við það

að eignast börn?

Óskiljanleg tregða hefur einkennt framkomu stjórnvalda í þessu máli. Beiðnir og bréf fara úr skúffu í skúffu í ráðuneytum forsætis-, félags-, dóms- og heilbrigðismála. Enginn virðist geta veitt skýr svör, hvorki af eða á. Á Norðurlöndunum greiðir ríkið ferðastyrki til væntanlegra foreldra. Mismikla, en almennt eru þeir á bilinu 200-450 þúsund krónur með hverju barni. Það er jafn brýnt og það er sjálfsagt að íslenska ríkið taki upp slíka ferðastyrki til væntanlegra foreldra ættleiddra barna. Þörfin er mikil og málið snýst ekki – rétt eins og ættleiðingin sjálf – um krónur og aura, heldur sanngirni og jafnræði í velferðarkerfinu.

Að lokum þetta. Enginn spyr konu með sjáanlega bumbu hvort hún hafi efni á því að eignast þetta barn. Hið sama á að gilda um okkur með ósýnilegu bumburnar. Eini munurinn á okkur og hinum er að við höfum gengið í gegnum langt og strangt ferli og m.a. þurft að sannfæra félagsmálayfirvöld um að við séum fær um að ala upp barn. Það eitt er nóg álag í ættleiðingarferlinu þó að ekki bætist fjárhagsáhyggjur ofan í kaupið.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem sótti dóttur sína til Kína í nóvember 2003.



Börn, foreldrar og fylgdarmenn í hópum 4 og 5 í Kína ásamt leiðsögumönnum.

Mousaka frá Rúmeníu

Í mínum huga er mousaka fyrst og fremst grískur réttur eldaður í ofni þar sem lambakjöt, eggaldin og tómatsmækur leika lagskipt hlutverk. Efsta lagið myndar síðan hvít sósa með eggjum, osti og kanel eða kumin. Eftirfarandi uppskrift fann ég hins vegar í rúmenskri kokkabók: Taste of Romania. Expanded Edition eftir Nicolae Klepper. Gefin út af Hippocrene, New York árið 1999. Sem mikill mousakaaðdáandi, í senn þiggjandi og veitandi, fann ég fljótlega mousakauppskriftina í bókinni, en þær eru reyndar fleiri en ein.

Ég ímynda mér þennan rétt eldaðan til sveita í Rúmeníu kannski á gömlu gistiheimili sem áður var fornt og jafnvel hættulegt greifasetur. Uppskriftin er fyrir sex manns og tekur um klukkutíma að undirbúa og 50 mínútur að elda. Ég mæli með fersku salati, harðskorpubrauði og hæfilega hráu rauðvíni. Uppskriftin er birt til heiðurs öllum rúmenskum börnum sem ættleidd hafa verið til Íslands.

2 stór eggaldin
2 teskeiðar salt
700 grömm kjöthakk
2 laukar smátt skornir
1 matskeið smjör
2 matskeiðar olífuolía
1 bolli hveiti
2 hvítlauksgeirar pressaðir
1 egg aðeins hrært
2 matskeiðar sýrður rjómi
2 matskeiðar steinselja smátt skornir
1 teskeið mulin svartur pipar ferskur
1 matskeið smjör
1/2 bolli brauðmysla
1 græn paprika smátt skornir
3 tómatar skornir í sneiðar
2 bollar tómatsmækur
salt og pipar eftir smekk

Sneiðið endana af eggaldinunum og skerið grunnar rákir eftir þeim endilöngum. Rífið síðan aðra hverja rák af húðinni. Skerið þau síðan í miðlungspykkar sneiðar og raðið þeim saman og saltið. Leggið farg ofan á þau í 30 mínútur til að eyða biturleikanum í þeim.

Blandið vel saman smátt skornum lauk og hakki. Gott að skella í mixer í smá stund.

Hitið smjör og olíu á pönnu og eldið laukhakkið að brúnum lit. Hrærið vel í um það bil 5 mínútur. Látið kólna.

Skolið eggaldinin í volgu vatni. Þerrið og veltið þeim upp úr hveitinu. Hyljið báðar hliðar.

Steikið eða djúpssteikið eggaldinin í 2 mínútur á hvorri hlið.

Hitið ofnin í 180 gráður.

Þegar kjötið hefur kólnað er hvítlauk, egg, sýrður rjómi, salti, pipar og steinselja blandað vel saman við það.

Smyrjið botn og hliðar á ofnföstu móti. Sáldrið brauðmyslunni yfir.

Setjið einfalt lag af eggaldinsneiðum á botninn á fatinu og til hliðanna. Setjið helminginn af kjötinu þar ofan á. Hyljið kjötið með helmingnum af paprikunni og



síðan helmingnum af tómatsósunni. Endurtakið síðan: eggaldin, kjöt og paprika og setjið síðan helminginn af tómatsneiðunum, annað lag af eggaldinsneiðum og seinni hlutann af tómatsneiðunum og að lokum afganginn af tómatsósunni. Sáldrið salti og pipar yfir og bakið í 45 mínútur.

Þegar mousakað er tilbúið er það tekið út úr ofninum og látið standa í 5 mínútur áður en það er etið. Verði ykkur að góðu!

Jón Özur Snorrason

Fréttabréf ÍÆ 10 ára

Fréttabréf ÍÆ hefur nú komið út í 10 ár, fyrst sem ljósrít og smámsaman stærra og efnismeira eftir því sem félagið hefur stækkað. Í eldri blöðum eru mörg athyglisverð viðtöl og fróðleikur og er sumt af því nú birt á vefsíðu félagsins www.isadopt.is.



Tinna Ósk Ompi og Sólveig Dögg Rúnarsdætur.

Internetið

Yahoo spjallhópar á Internetinu

Á Internetinu eru margir spjallhópar um ættleiðingar. Það getur verið mjög fróðlegt að taka þátt í þeim til að fylgjast með því sem efst er á baugi í ættleiðingarmálum í hverju landi. Flestir spjallhópar setja sem skilyrði að fólk sé búíð að ákveða að ættleiða. Hér að neðan er sagt frá nokkrum slíkum.

Post Adopt China (PAC)

<http://groups.yahoo.com/group/post-adopt-china/>. Foreldrar sem hafa ættleitt frá Kína deila reynslu sinni. Í þessum spjallhópum er að finna margar slóðir inn á aðrar spjallrásir um málefni tengd ættleiðingum frá Kína og aðrar heimasíður um málefnið.

Raising China Children

<http://groups.yahoo.com/group/RaisingChinaChildren/> Slóðir inn á spjallhópa yfir öll barnaheimili í Kína sem ættleitt er frá. Á spjallrásunum er oftast að finna myndir frá barnaheimilinu og sögur af heimsóknum foreldra þangað. Hér eru slóðir inn á spjallhópa fyrir hvern mánuð sem umsóknir eru sendar út í. Það er oft gaman að fylgjast með umræðu í þessum spjallhópum á meðan beðið er.

Adoptive Parents China (APC)

<http://groups.yahoo.com/group/a-parents-china/> Spjallhópur um ýmis málefni tengd ættleiðingum frá Kína. Fólk með mikla reynslu er þarna inni og sumir búnir að ættleiða tvisar til þrisvar frá Kína.

Colombian Connections

<http://groups.yahoo.com/group/ColombianConnections/> Þarna er að finna upplýsingar um ættleiðingar frá Kólumbíu og hægt að spyrja aðra ráða. Góður hópur fyrir þá sem eru komnir með umsóknir af stað í Kólumbíu.

Romanian Adoption

http://groups.yahoo.com/group/Romanian_Adoption/

ROMANIA Adoption

<http://groups.yahoo.com/group/romaniadoption/> Í þessum spjallhópum skiptast foreldrar sem hafa ættleitt frá Rúmeníu á skoðunum og gefa góð ráð sín á milli.

CalcuttaKids

<http://groups.yahoo.com/group/CalcuttaKids/> Spjallhópur fólks sem hefur ættleitt frá barnaheimilum í Kolkata á Indlandi. Spjallhópurinn er fyrir alla sem eru að ættleiða frá Kolkata hvar sem þeir eru í ferlinu og líka fyrir þá sem eru komnir með börnin sín heim.

Indlandsmommur

<http://groups.yahoo.com/group/indlandsmommur/> Íslenskur spjallhópur foreldra barna frá Indlandi.

Ættleiddir

<http://groups.yahoo.com/group/aettleiddir> Í vetur var stofnaður spjallhópur á Yahoo fyrir ættleidda til að ræða málin í hópi fólks sem deilir sömu reynslu. Tilgangurinn er líka sá að auka skilning í samfélaginu á því að vera ættleiddur. Til að stuðla að því hefur hópurinn gengið til samstarfs við ritstjórn ættleiðing.is og í gegnum vefsíðu þeirra er hægt að senda spurningar á spjallhópinn og eru þær og svör við þeim birt nafnlaust á vefsíðunni innan 5 virkra daga. Hópurinn er opinn öllum ættleiddum, en

aldurstakmark er 18 ár.

Til að finna fleiri spjallhópa er hægt að leita með því að slá inn „adoption“ í þar til gerðan reit á <http://groups.yahoo.com/>. Ef þú hefur góða hugmynd getur þú líka stofnað nýjan!

Til að gerast meðlimur í Yahoo spjallhóp þarf að skrá sig inn á Yahoo og fá svokallað ID nafn og lykilorð. Þegar það er búíð er hægt að sækja um inngöngu með því að senda bréf á stjórnanda hópsins. Það er gert með því að velja ljósbláan hnapp á heimasíðu viðkomandi spjallhóps. Fljótlega ætti að berast svar. Í flestum hópum er farið fram á að umsækjendur segi aðeins frá sér áður en umsókn er samþykkt. Það má alltaf skrá sig úr spjallhópnum aftur.

Internetið tútnar út með hverri mínútunni og þar er hægt að sækja sér fróðleik um allt milli himins og jarðar. Til að taka púlsinn á fyrirbærinu nú í byrjun mars árið 2004 var slegið inn leitarorðið „adoption“ í leitarvél sem fann 12.600.000 síður! Út frá því var hægt að þrengja leitina að málum sem tengjast ættleiðingum og eru hér nokkur dæmi: Tengslamyndun „attachment“, 533.000 síður, brjóstgjöf „breastfeeding“, 159.000 síður, unglingsárin „puberty“, 32.900 síður og snemmbær kynþroski „puberty early onset“, 3.620 síður.

Þegar slegið er inn leitarorðið „ættleiðing“ finnast 450 síður og er rétt að geta þess að þar eru bæði íslenskar og færeyskar slóðir. Margir sem eru að undirbúa ættleiðingu hafa komið upp vefsíðum. Nokkrir áhugasamir foreldrar opnuðu í maí 2003 vefinn aettleiding.is og hafa þar safnað saman miklu efni sem tengist ættleiðingum. Félagið okkar Íslensk ættleiðing er með vefinn isadopt.is og þar bætist stöðugt inn efni auk þess sem þar eru birtar ýmsar fréttir af félagsstarfinu.

Af þessu má sjá að á aðeins örfáum árum hefur aðgengi að upplýsingum um ættleiðingar og allt sem þeim tengist aukist verulega og er það sannarlega ánægjuleg þróun sem ekki sér fyrir endann á.

Gíslína V. Ólafsdóttir og Alda Sigurðardóttir

Leiðrétting. Í síðasta tölublaði láðist að geta heimilda á bókasiðunni. Hluti umfjöllunarinnar var eftir Þórdísi Zoëga og Ólaf E. Friðriks-son og þakkar ritnefnd þeim kærlega fyrir að leyfa notkun efnisins.

Fræðslustarf ÍÆ

Fræðslunefnd ÍÆ hefur starfað af fullum krafti síðastliðið ár eins og endranær. Frá því í haust hafa nöfnurnar Ingibjörg Birgisdóttir, fyrrverandi formaður félagsins og Ingibjörg Jónsdóttir sinnt þessu starfi, en Kristín Tómasdóttir fyrrverandi fræðslufulltrúi og stjórnarmaður lét af störfum vegna anna. Stjórn ÍÆ þakkar henni hér með fyrir frábært starf í þágu félagsins.

Í ár hefur fræðslustarfinu verið skipt niður í þrjá meginþætti: Grunnnámskeið, umönnun ungra barna og ferðanámskeið. Megináherslan hefur verið lögð á grunnnámskeið I, sem er skipulagt fyrir fólk á byrjunarstigi ferilsins. Þar er meðal annars farið yfir þessa mikilvægu spurningu: „Er ættleiðing eitthvað fyrir mig?“ Þrjú grunnnámskeið hafa verið haldin og fram á vor verður það haldið einu sinni eða tvisvar. Mikilvægt er að verðandi foreldrar undirbúi sig sem best fyrir ættleiðingu barns. Fræðslunefndin bendir á

vef Íslenskrar ættleiðingar í því sambandi. Þar er að finna mikið magn af upplýsingum um ferlið, farið í helstu spurningar, sagðar skemmtilegar ferðasögur og fleira.

Námskeið II, um meðferð ungbarna, hefur því miður fallið niður frá því í vor þar sem Hulda G. Finnbogadóttir, sem sinnti þessari fræðslu árið 2003, gat ekki haldið áfram vegna annarra starfa. Stjórnin þakkar henni frábært starf síðasta vetur. Talsverðan tíma hefur tekið að finna hentugan fulltrúa til þess að sinna þessum þætti, en nú hefur Kristín Svala Jónsdóttir ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur gefið kost á sér og mun hún halda námskeið á næstu mánuðum..

F.h. fræðslunefndar, Ingibjörg Jónsdóttir

Um ISRC, Indian Society for Rehabilitation of Children

- Árið 2002 veitti ISRC 400 styrki til einstaklinga vegna læknismeðferðar. Þá fengu aðrir 15 mánaðarlegar greiðslur vegna langvarandi læknismeðferðar. Þessir einstaklingar voru á aldrinum 12 til 60 ára. Umsóknum um slíka styrki fjölga stöðugt.
- ISRC styður 20 börn til náms sem annars ættu þess ekki kost vegna bágra heimilisaðstæðna. Fjórir starfsmenn frá ISRC skiptast á um að sjá 65 börnum úr fátækrahverfum fyrir heitum mat á skólatíma.
- ISRC styður stofnun sem menntar ungar konur til hjúkrunarstarfa. Innan sömu stofnunar er starfrækt barnadeild þar sem fátækum börnum er veitt grunnmenntun og fæðugjafir. ISRC styður þá starfsemi sömuleiðis með fjárframlögum.
- ISRC tekur stundum þátt í að styðja fjölskyldur þegar sérstakir erfiðleikar koma upp á.

- ISRC hefur tekið að sér nokkur mikið fötluð eða proskaft börn sem hafa verið yfirgefin af fjölskyldum sínum.
- ISRC styður verkefni sem eru í gangi í afskekktu sveitahéraði. Um er að ræða læknisaðstoð og mjólkurgjafir. Um 1600 einstaklingar njóta þessarar aðstoðar.
- Þótt framlag ISRC sé smátt er það trú þeirra að það hjálpi til við að auka lífsgæði einhverra sem síðan geta hjálpað öðrum.
- **Framtíðaráætlun ISRC:**
 - Skýli fyrir heimilislaus börn.
 - Fagleg aðstoð fyrir fötluð og proskaft börn.
 - Fæðugjafir til skólabarna.




Fyrir börnin

Stuðningur við hjálparstarf getur verið margvíslegur. Ein mamma í félaginu, Hanna Erlingsdóttir, hefur gert yfir 400 koddaver og rúmlega 200 lök ásamt sængurverum, teppum og kjólum frá árinu 2000 og sent til Indlands. Efnin sem hún notar er mest afgangar sem hún hefur fengið gefins.



Palo Rat - Góða nótt

Áteiknaðir svæflar, koddaver og vöggusetur sem á stendur góða nótt á bengölsku og með handskrift Anju. Verin eru ófrágengin og er hægt að nálgast þau á skrifstofu ÍÆ. Allur ágóði af sölnunni rennur til starfsemi ISRC. Til stendur að gera eins með kínverskri áletrun.



Hópmyndir eru til í mörgum myndaalbúnum félagsmanna ÍÆ. Hér eru nokkur sýnishorn.



Kínahópur 1 á íþróttæfingu.



Fimm litlar stelpur frá Nanfeng, Ellý Rún, Ásdís Arna, Lilja Ósk, Auður Lára og Margrét Edda.



Mæður og börn í hóp 2. Myndin er tekin í Kína.



Hópur barna sem komu heim frá Indlandi 2002 og 2003 ásamt systkinum.



www.isadopt.is

Falleg, litrík barnaföt á góðu verði.

DU Pareil...au même

Kringlunni og Laugavegi 17 • 588-6750



Allt milli himins og jarðar til hannyrða.
Þekking og efni á einum stað, ótrúlegt úrval!

Hannyrðabúðin

Við klukkuturninn í Garðabæ
sími 555-1314
www.alvara.is/hannyrd



Ábyrg þjónusta í áratugi
EIGNAMIDLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is